



Berist til efnahags- og viðskiptanefndar

Umsögn um Þingmál nr. 136 á löggjafarþingi 149.

Íþróttafélaginu Magna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagsamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Íþróttafélagið Magni lýsir yfir mikilli ánægju með þetta mikilvæga frumvarp. Umrætt frumvarp er gríðarlega mikilvægt skref í uppbyggingu íþróttamannvirkja allra félaga í landinu. Mikilvægi íþróttafélaga í forvarnarstarfi, sem og gagnvart almennri heilsueflingu er ótvírætt. Þar er víðast hvar um að ræða öfluga starfsemi sem er borin uppi af sjálfbóðaliðum.

Íþróttafélagið Magni er lítið félag sem stendur í mikilli uppbyggingu, félagið er að reisa sitt fyrsta félags- og vallarhús og er það mikið hagsmunamál fyrir félagið að frumvarpið verði samþykkt.

Að framansögðu, fagnar Íþróttafélagið Magni framkomnu frumvarpi og skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarpið.

Virðingarfyllt

Gísli Gunnar Oddgeirsson
Framkvæmdastjóri Magna